AUGLÝSING

um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er það friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnsfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar, lína um Skorarlæk frá ósi í Skorarvatn og meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan bein lína úr austasta hluta vatnsins í þá kvísl, við upptök, sem næst gengur vatninu og fellur í Furufjarðarós, ásamt 200 m breiðri spildu þar suður af.

Reglur þessar gildi um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja á landi utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar, svo sem viðhald túna og garða.
4. Heimilt er að ganga um svæðið og fara um það með hesta. Þó er skylt að ganga þannig um, að ekki sé spillt gróðri, dýralífi, minjum, mannvirkjum, né öðrum verðmætum. Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið. Þó tekur þetta ekki til hesta þeirra, sem ferðast um landið, meðan á ferð þeirra stendur.
7. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
8. Náttúruverndarráð hefur samráð við Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um nánari framkvæmd á reglum þessum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

HORNSTRANDIR
FLÓTAVÍK
Látrar
AÐALVÍK
GRÆNAHLÍÐ
FANNÁ-
FJALL
HESTEYRARFJÖRÐUR
Hesteyri
VEÐILEYSUFJÖRÐUR
HORNBJARG
HORNVÍK
ALMENNINGAR
BARÐSVÍK
KVÍARFJALL
LÓNAFJÖRÐUR
FURUFJÖRÐUR
Skorarvatn
SKORARHEIÐI
HRAFNSFJÖRÐUR
LEIRUFJÖRÐUR
DRANG-
JÖKULL
JÖKULFIRÐIR
GEIRSFJALL
1:250 000
0 1 2 3 4 5